Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Torfi Hjartarson

Bjarni Benediktsson – Torfi Hjartarson

# Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 7

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Ísafirði 8/8 1931.

Kæri vinur.

Eins og þú veist ætlaði Snorri bróðir minn að gerast rithöfundur á norska tungu og var kominn það áleiðis á þeirri braut, að hann var búinn að fá eina bók gefna út í Noregi.
Síðan héldu hans gömlu veikindi áfram og tel ég vonlítið, að hann geti haldið áfram svo sem hann ætlaði sér, og mun honum vera orðið það nokkuð ljóst sjálfum. Hann er nú við nokkurnveginn sæmilega heilsu, og hef ég vonum að hægt væri að bressa hann frekar við, ef hann fengi einhverja létta atvinnu, sem við hans hæfi væri.
Ég hef verið að velta því fyrir mér í sumar, hvað tiltækilegast væri í þessu efni, og er viss um að honum myndi henta best að komast að einhverskonar bókavörslu. Nú er mér sagt að losna muni eitthvað af bókavarðarstörfum við bæjarbókasafnið í Reykjavík og að þú munir hafa mest ráð um það hverjir verði teknir í stöðurnar. Vildi ég nú biðja þig að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

athuga hvort mögulegt væri að Snorri gæti komist að einhverjum störfum við bókasafnið.

Ég held að óhætt sé að fullyrða að Snorri sé að mörgu-leyti vel fallinn til að vera starfsmaður við safnið. Öll sín mörgu veikindaár hefur hann lesið bókmentir – einkum Norðurlanda – mjög mikið og er orðinn mjög vel að sér í þeim. Auk þessa er mér sagt af mönnum, sem vit þykjast hafa á þeim hlutum, að hann hafi góðan bókmenta-smekk. Ætti hann því að standa mjög vel að vígi til að leiðbeina forráðamönnum safnsins við bókakaup og notendum þess við bókaval.

Mér er afar mikið áhugamál að Snorri komist að safninu, ekki fyrst og fremst vegna tekjanna, heldur af því að þetta er ein af fáum leiðum, sem ég sé færar til þess að koma honum, sem í fjölda mörg ár er búinn að vera ýmist veikur eða iðjulítill, til þess að rífa sig upp úr því sleni, sem

af slíku leiði, og fara að vinna og hugsa meir um starf en veikindi. Vona ég að þú hjálpir upp á sakirnar, ef unt er.

Biðu þig svo að fyrirgefa kvabbið og að ég er að elta þig með það í önnur lönd.

Með beztu kveðjum,

Þorfi Hjörtursson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur